

Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

28. ágúst 2017
UST201707-038/Þ.B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Víkingaþorp - Langihryggur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 5. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Víkingaþorp á Langahrygg.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að svæðið sé að mestu melur og mói og sé um 12 ha að stærð. Reiturinn er á fjarsvæði vatnsverndar (öryggissvæði vegna yfirborðsvatns) skv. nýju svæðisskipulagi vatnsverndar.

Framkvæmdir

Gert er ráð fyrir að aðkoma að svæðinu verði um nýjan afleggjar frá Þingvallavegi, sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu aðkomuvegarins og bílastæðum.

Á byggingarreit A er gert ráð fyrir safnasvæðinu þar sem ólíkar byggingar verða reistar úr torfi og grjótum í fornum stíl. Á byggingarreit B er gert ráð fyrir aðstöðuhúsi fyrir móttöku gesta, minjagripaverslun, eldhús, veitingasal, starfsmannaaðstöðu, salernum og geymslum.

Fráveita og skólp

Í greinargerð kemur fram að farið verði eftir reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Þá kemur einnig fram að afrennsli af bílastæðum og öðrum þéttum flötum verði leitt í gegnum olíugildru.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð kemur fram að umhverfisáhrif tillögunnar verði fremur lítil, þar sem öll mannvirki á svæðinu verði byggð úr torfi og grjóti. Eins kemur fram að áhersla verði lögð á vandaðan og snyrtilegan frágang við alla mannvirkjagerð á svæðinu.

Umsögn


Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir.

Stofnunin biðst velvirðingar á því hversu dregist hefur að sinna þessu erindi.



Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
Sérfræðingur